

Fundargerð stjórnarfundar nr. 26.

Símafundur stjórnar Norðurár bs. þriðjudaginn 18. maí 2010 kl:14:00

Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson og Gunnar Svavarsson og Jón Skúli Indriðason verkfræðingar hjá Eflu verkfræðistofu.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Tilboð í útboðsverkið Urðunarstaður Sölvabakka.
3. Fjármögnun framkvæmda.
4. Sorptroðari.
5. Vog og starfsmannaaðstaða.
6. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum þann 6. maí lögð formlega fram og samþykkt.

2. Tilboð í útboðsverkið Urðunarstaður Sölvabakka.

Gunnar fór yfir þeirra niðurstöður varðandi mat á lægstbjóðendum. Lagði hann fram bæði skriflega niðurstöðu/samantekt þeirra og samantekt á upplýsingum eftir fund sem þeir áttu með Eiríki Elís Þorlákssyni lögfræðingi frá Lex lögmannastofu. Gunnari og félögum falið að vinna áfram að málinu.

3. Fjármögnun framkvæmda

Svohljóðandi bókun var gerð til að staðfesta heimild til lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga:


Stjórn Norðurár bs. samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 380.000.000 kr. til 14 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum.

Tilgangur láns þessa er að fjármagna framkvæmdir við nýjan urðunarstað að Sölvabakka í Austur Húnavatnssýslu .

Jafnframt er Magnúsi B. Jónssyni, kt. 140452-4679, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h.

Norðurár bs. að undirrita lánssamning við Lánasjód sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar og óskiptar ábyrgðir allra eigenda, sem eru Skagafjörður, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnavatnshreppur, Akrahreppur og Skagabyggð, sbr. 82. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 3. mgr. 73. gr. sömu laga.



4. Kaup á sorptroðara

Rætt um fyrirhugðuð kaup á troðara en nokkrir aðilar eru búnir að hafa samband og vilja selja notaða troðara sem eru hér á landi. Ákveðið að Gunnar skilgreini stærð og kröfur til troðara og síðan verði auglýst í fjölmiðlum á Norðurlandi eftir notuðum troðara.

5. Vog og starfsmannaaðstaða.

Ákveðið að hafa samband við Íslúx vegna kaupa á vog. Ákveðið að Gunnar fái endurnýjun á áður fengið verð í nýja 17 metra Cardinal vog.

Farið yfir nokkra möguleika varðandi starfsmanna aðstöðu. Ákveðið að fela Gunnari að skilgreina betur þörfina og hvaða kröfur þarf að gera til hússins og auglýsa síðan eftir húsi á Norðurlandi. Skili það ekki árangri verður skoðaður sá möguleiki að byggja flytjanlegt aðstöðuhús.

6. Önnur mál

Enginn.

Fundi slitið kl. 15:40

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson

Eiður Guðmundsson